

1855. húsum, og mælti því stjórnin með, að brjefið skyldi samið eptir 22. febrúar. uppástungu alþingis, og gjört að lögum.

22. marz. **6. Konungsúrskurður um staðfestingu á útleggingu laga, sem gefin eru fyrir Ísland.**

Vjer ákvörðum allramildilegast að hin íslenzka þýðing laga þeirra, sem hjer eptir eru gefin fyrir Ísland, verði staðfest af manni, er Vjer nefnum til þess, og að þetta nú sem stendur sje falið á hendur forstöðumanni hinnar íslenzku stjórnardeildar, etazráði Stephensen.

22. marz. **7. Opið brjef um bann gegn byssuskotum á sel á Breiðafrði á Íslandi.**

Vjer Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. gjörum kunnugt: Eptir þegnlegu frumvarpi alþingis hefur Oss þóknast að skipa fyrir á þessa leið:

Öll byssuskot á alls konar sel, af hverju kyni sem er, skulu hjeðan í frá vera bönnuð fyrir innan línuna frá Bjargtöngum í Barðastrandarsýslu til Öndverðarness í Snæfellsnessýslu. Ef móti þessu er brotið, liggja við sektir og skaðabætur eptir tilskipun 20. júní 1849, 5., 15. og 16. grein.

Að öðru leyti stendur við það, sem fyrir er mælt í greindri tilskipun, um veiði á Íslandi.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer þegnlega að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

Ástæður fyrir þessu opna brjefi.

Frá alþingi, sem haldið var 1853, kom bænarskrá til konungs um breytingu á tilskipun um veiðilög á Íslandi 20. júní 1849. Bar þingið það þar fram sem samhuga álit sitt, að brýn nauðsyn bæri til þess að friða sel fyrir skotum öðruvísi og betur, en nú á sjer stað eptir áður nefndri tilskipun, einkum á þeim stöðum, þar sem töluverð selveiði tíðkast í nótum og

1855.
22. marz.

uppidrápi, því reynslan hafi sýnt, að skotin spilla þess konar veiðum, og rýra því um leið verð fasteigna þeirra, er hafa haft hlunnindi af þess konar selveiði. Alþingið áleit, að einkum hafi borið mikið á þessu síðan veiðilögin leyfðu hverjum og einum skot fyrir landareign sinni, og svið það, sem friðhelgar selinn fyrir skotum eptir löggjöf þessari, sje svo lítið, að selurinn hittist optast fyrir utan það svæði, sem friðlýst sje, og sje þar í eigin áttögum, og að af þessu leiði að selirnir fælist frá landstöðvum sínum, og selveiðinni, er þó hafi mátt telja eina meðal helztu hlunninda landsins, fari á þenna hátt meir og meir hnignandi; aptur sje á hinn bóginn arðurinn af selaskotunum svo lítill, að nótna og uppidrápsveiði, ef skotin eigi hnekkja henni, er á Breiðafirði tuttugufalt meiri.

Þingið áleit því, að öll skot á sel á Breiðafirði ættu að aftakast, því þar sjeu varplönd, selveiðasker og eyjar hvað mest á landinu, svo að skotin gjöra þar langtum meiri skaða en annarstaðar. Meiri hluti alþingis var og á því, að sama bann gegn skotunum ætti einnig að ná yfir suðurhlið Snæfellsnessýslu, ásamt Mýra og Hnappadalssýslu, og nokkurn hluta Borgarfjarðarsýslu, innan ákveðinna takmarka eptir sjerhvers þessara staða afstöðu og kringumstæðum, því víða á þessum svæðum væri selveiði í nótum og með uppidrápi talsverð.

Þingið beiddist því:

1. Að öll byssuskot á sel yrðu bönnuð fyrir innan línuna frá Bjargtöngum í Barðastrandarsýslu til Öndverðarness í Snæfellsnessýslu, undir þær sektir, sem við eru lagðar í 15. og 16. grein tilskipunarinnar 20. júní 1849, og

2. Að sama friðhelgi á sel fyrir skotum sje á öllu sviðinu innan sjónhendingarlínu frá Öndverðarnesi á Skipaskagatá á Akranesi,

og að konungur vildi með lagaboði leggja bann fyrir selaskot á þessum stöðum.

Mál þetta, um að friða sel fyrir skotum, hefur áður verið rætt ítarlega, við undirbúning veiðilaganna 20. júní 1849. Undirstaða laga þessara er nefnilega frá embættismannanefnd þeirri, er sett var 1845, sem átti að yfirvega breytingu á skött-

1855. unum á Íslandi, því að forseti hennar, konferentsráð Svein-
 22. marz. björnsson, kom fram með frumvarp til veiðilaga fyrir Ísland, og
 eptir að nefndin hafði rætt það, hafði rentukammerið það einn-
 ig meðferðis, og var það síðan lagt fyrir alþingi 1847, og
 síðan gjört að lögum 20. júní 1849, með nokkrum smábreyt-
 ingum, er gjörðar voru samkvæmt álitsskjali þingsins. Ákvarð-
 anirnar um seli standa í 15. og 16. gr. tilskipunar þessarar.

Eins og bænarskrá kom til alþingis 1845 með 81 undir-
 skriptum frá Stranda sýslu þess efnis, að landselur yrði friðaður fyrir
 skotum alstaðar og á öllum tímum ársins, eins komu líka bæn-
 arskrár þess efnis til hinnar áður greindu nefndar fra Barða-
 strandar, Dala og Snæfellsnessýslum, og nefndin efaðist ekki
 um, að menn í fleiri sýslum landsins væru á því, að slík á-
 kvörðun væri gjörð, því víða kvörtuðu menn yfir hinum iðug-
 legu selaskotum, er það leiddi af, að hætt væri að veiða sel í
 nótum eða með uppdrápi, eða að minnsta kosti hefði þess
 konar veiði minnkað til mikils skaða fyrir ábúendur þess konar
 jarða. Nefndinni þótti ekki þessar umkvartanir ástæðulausar,
 og hjelt að hagur sá, er menn hafa af selaskotum, væri, ef til
 vildi, ekki eins mikill eins og skaði sá er jarðeigendur liðu, á
 jörðum, þar sem veiða mætti sel í nótum eða uppdrápi, en
 hún áleit þó, að hún ætti ekki, eins og á stóð, að fara fram á
 meira, en að þeir staðir, þar sem færi væri á þess konar sel-
 veiði, yrðu friðaðir fyrir skotum, fjórðung mílu frá veiðistöðv-
 unum, þó að hún viðurkenndi, að mikið mælti með að friða
 landsel fyrri skotum alstaðar, einkum á tímabilinu frá 30. apríl
 til 1. september, þegar kóparnir eru gotnir og alast upp við
 skerin. Að nefndin samt ekki fór fram á meira en áður er
 sagt, kom einkum af því: að hún ekki með vissu þekkti mun-
 inn á hagnaði þeim, er menn vanalega hafa af selaskotum, og
 skaða þeim, er hlutaðeigandi handhafi jarðarinnar bíður af því,
 að selir eru skotnir út á sjó; að það yrði ætíð örðugt að gæta
 þess, að slíkri skipun væri hlýtt, helzt langt frá landi, einkum þar
 sem mikill hagnaður freistaði skotmannanna; að ekki yrði sagt að
 gagnsmunirnir af selveiði og æðarvarpi væru svo líkir, að það
 gæti rjettlætt að friða selinn eins og æðarfuglinn, og loksins:

að það væri ætíð ísjárvert að takmarka veiðirjettinn; einkum á rúmsjó, þegar ekki yrðu færðar öldungis órækar ástæður fyrir því. Rentukammerið fór eftir uppástungu nefndarinnar, en alþingi áleit þó, að það ætti að fara nokkuð nær bænarskrám landsbúa, og það því um ákvörðun, er einnig er tekin í tilskipun 20. júní 1849, á þá leið, að enginn má skjóta landsel eða útsel í fjörðum eða víkum nær en hálfa mílu frá látrum eða lögnum — 15. gr. tilskipunarinnar — og (í 16. gr.) er leyft að skjóta vöðusel 120 faðma frá landi, þar sem nótlög eru, þó ekki nær eggverum eða látrum en áður er ákveðið.

Af framan sögðu áleit stjórnin það ljóst, að málið um bann á selaskotum í víkum og fjörðum hefur verið ítarlega rannsakað, áður en hin gildandi veiðilög á Íslandi komu út, og að þá þótti hlýða, eftir nákvæma íhugun, að fara ekki fram á meira en tilgreinir í tilskipun 20. júní 1849, 15. og 16. gr.

Stjórnin segir því, að það mætti þykja ísjárvert að fallast nú þegar á breytingu á lagaboði, er fyrir svo skömmum tíma er út komið samkvæmt eigin álitsskjali alþingis. En þó ber þess að gæta, að þingið hefur einungis beðizt þessarar breytingar á einstöku stöðum, en felld mörg breytingaratkvæði, er lutu að því að gjöra það almennara, að menn mættu ekki skjóta seli, og virtist stjórninni, að ekkert væri móti því, að veita þess konar sjerlegt lagaboð, sem um er rætt í bænarskrá alþingis, þegar þingið eftir nákvæma umræðu, næstum því með öllum atkvæðum, hafði beðið um sjerstakt lagaboð fyrir jafnstórt svið og Breiðifjörðurinn er, og kveðið það upp, að ef hinum núgildandi lögum væri fylgt fram á þessum hluta lands, væri það ósannngjarnt. Stjórnin samdi því þetta opna brjef um að banna selaskot á Breiðafirði samkvæmt uppástungu alþingis; en þar á móti gat stjórnin ekki mælt með hinni annari uppástungu alþingis, að sama bann á selaskotum sje á öllu sviðinu innan sjónhendingarlinu frá Öndverðarnesi á Skipaskagatá á Akranesi, þar eð miklu meiri greinarmunur hafði verið á alþingi um þær sveitir, er hjer ræðir um, þar eð lína sú, er til er tekin, væri óhafandi, af því hún lægi beint í gegnum Snæfellsjökul, þar eð sker og grynningar, sem selir geta leitað að, eru

1855.

22. marz.

1855. á þessu svæði langtum færri að tölu en á Breiðafirði, og að
 22. marz. lyktum: þar eð ekki er ástæða til að gjöra undantekningar frá
 nýju lagaboði þar sem efi leikur á, heldur einungis þar, sem
 brýn nauðsyn er sýnd fyrir því, en ekki verði sjöð, að það sje
 um þessa uppástungu bænarskrárinna, og hafði konungsfulltrúi
 einnig ráðið frá henni.

24. marz. **8. Auglýsing frá innanríkisstjórninni um aukagjald
 fyrir sum utanríkisskip sem sigla til Íslands.**

Eptir uppástungu innanríkisstjórnarinnar hefur Hans Hátign
 Konunginum 22. dag þ. m. allramildilegast þóknast að skipa
 svo fyrir, samkvæmt lögunum um siglingar og verzlun á Íslandi
 15. dag aprílmánaðar f. á. 7. gr., að öll utanríkisskip, sem sigla
 til Íslands til verzlunar, nema þau, sem eiga heima í Stóra-Bret-
 landi eða Írlandi, eigi fyrst um sinn, frá 1. apríl þ. á. til 31.
 marz 1856, auk gjalds þess, sem til er tekið í 6. gr. í greind-
 um lögum, enn fremur að greiða 2 rd. aukagjald af hverju
 lestarrúmi í skipinu eptir dönsku máli, nema því að eins, að skip
 þegna Danakonungs hafi fullkomnið jafnrjetti við innlend skip í
 því landi, þar sem skipið á heima, eða að það land, eptir samn-
 ingi við hina dönsku stjórn, sje undan þegið ákvörðuninni í 7.
 gr. í opt nefndum lögum.

Þetta auglýsist þannig öllum, er hlut eiga að máli, til eptir-
 breytni.

28. marz. **9. Tilskipun um sunnu- og helgidagahald á Íslandi.**

Vjer Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv. gjörum kunn-
 ugt: Eptir að Vjer höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vora trúá
 alþingis um frumvarp, er fyrir það hefur verið lagt, til tilskip-
 unar um sunnu- og helgidagahald á Íslandi, bjóðum Vjer og
 skipum fyrir á þessa leið:

1. gr. Á sunnudögum og öllum öðrum dögum, sem eptir
 lögum þeim, er nú gilda, á að halda heilaga, má, einkum um
 messutímann, enga ónauðsynlega vinnu vinna, og engar almennar
 eða hávaðamiklar skemmtanir fara fram, fyrir en eptir miðþaptan,